

Nr. 589

16. júlí 2010

AUGLÝSING

**um stöðvun strandveiða á svæði B, frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps
og svæði C, frá Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps.**

1. gr.

Frá og með 20. júlí 2010 eru strandveiðar bannaðar á svæði B, frá Strandabyggð til Grýtubakkahrepps og á svæði C, frá Þingeyjarsveit til Djúpavogshrepps, sbr. 2. og 3. staflið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 384, 3. maí 2010, um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í reglugerð nr. 384, 3. maí 2010, um strandveiðar fiskveiðiárið 2009/2010, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. júlí 2010.

F. h. r.

Kristján Freyr Helgason.

Guðný Steina Pétursdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 16. júlí 2010